

Laugarvatni 2.mars 2025

Til þeirra er málið varðar!

Vísa til tölvupósts sendan 3/11 2022 til þingmanna, sveitastjórna og eldri borgarafélaga er málið varðar.

Á aðalfundi 60plús Laugarvatni er haldinn var í Laugardal þann 29.júní 2020. Á þeim fundi var samþykkt að skora á sveitastjórnir, ráðherra og alþingismenn, að vinna að því að húsnæði Háskólans á Laugarvatni við Lindarbraut 4, verði gert að dvalarheimili fyrir eldri borgara. Mikil vöntun er á slíkri stofnun í uppsveitum Árnessýslu.

Húsið hefur alla kosti til að vera gert að dvalarheimili fyrir aldraða. Gera þyrfti lítils háttar breytingar á húsnæðinu. Staðsetning hússins er afar góð með tilliti til þeirrar þjónustu sem í boði er á Laugarvatni. Sundlaug, íþróttahús, sjúkraþjálfun, Fontana, verslun, veitingastaðir og góðar gönguleiðir. Hús þetta er í eigu ríkisins en takmörkuð starfsemi er í húsnæðinu. Hælisleitendur frá Venezúela höfðu aðsetur þar meðan á úrlausn þeirra mála var í vinnslu. Þeir eru allir farnir núna.

Með von um góð viðbrögð við pósti þessum.

Kær kveðja f.h. 60plús Laugardal

Halldór Benjamínsson formaður

Ásta Kristjánsdóttir ritari Kjartan Lárusson gjldkeri

Sent:

Ríkistjórn Íslands

Alþingismönnum Suðurlands

Sveitistjórnnum er málið varðar

Eldri borgarafélögum í uppsveitum Árnessýslu